

Tillaga	A 2045/PRE
Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Forsætisnefnd

A 2045/PRE Þingmannatillaga um aukið samstarf Norðurlanda og Kanada

Flokkahópur miðjumanna leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til ríkisstjórnanna á Norðurlöndum

- að þær kanni möguleikana á að mynda sameiginlegan samráðsvettvang Norðurlanda og Kanada um málefni sem snerta norðurslóðir, almannavarnir og sjálfbæra þróun í norðri,
- að þær kortleggi það samstarf sem þegar er við lýði milli norrænna stofnana og Kanada og finni á hvaða sviðum sé hægt að dýpka það, einkum og í sér lagi um norðurslóðamál, rannsóknir og réttindi frumbyggja,
- að þær stuðli að sameiginlegum verkefnum ásamt Kanada á sviði almannavarna, aðlögunar að loftslagsbreytingum og verndar mikilvægra innviða á norðurslóðum,
- að þær hvetji til sameiginlegra norrænna-kanadískra rannsóknar- og nýsköpunarverkefna með áherslu á umhverfis- og loftslagsmál, öryggismál og sjálfbæra þróun á norðurskautssvæðum,
- að þær styrki miðlun á reynsluþekkingu milli samtaka frumbyggja á Norðurlöndum og í Kanada og milli viðkomandi stjórnvalda til að þróa góða starfshætti með tilliti til þátttöku frumbyggja í ákvörðunarferlum,
- að þær samræmi fræðslu- og æfingafyrirkomulag Norðurlanda og Kanada vegna borgaralegrar neyðarstjórnunar og allsherjarvarna með tilliti til umhverfisins á norðurslóðum, og
- að þær endurskoði Helsingforssamninginn til að greiða fyrir nútímavæddu samstarfi við þriðju lönd eins og Kanada, sérstaklega um norðurslóðir, öryggismál og viðbúnað.

Jafnframt að Norðurlandaráð ákveði

- að efla þinglegt samstarf með því að stofna til sameiginlegra nefndafunda, sendinefnda og þekkingarmiðlunar milli Norðurlandaráðs og þjóðþingsins í Kanada auk viðkomandi fylkisþinga í sambandsríkinu,



að koma á kerfisbundnu samráði norrænna og kanadískra þingmanna til langframa á öllum fagsviðum en þó sérstaklega um málefni norðurslóða, borgaralega neyðarstjórnun og þátttöku frumbyggja í ákvarðanatökum.

Bakgrunnur

Norðurslóðir hafa á undanförunum árum vegið æ þyngra í alþjóðlegu tilliti. Áður gengu alþjóðlegar yfirlýsingar út á veigamikla landfræðilega stöðu svæðisins en nú telja margir að Norðurskautsráðið standi veikari fótum eftir að einu aðildarríki var vikið úr ráðinu. Hefur myndast tómarúm í samstarfinu um norðurslóðir þar sem vantar sameiginlegan vettvang fyrir alla sem koma að úrlausnum sem snerta borgarana og öryggismál.

Norrænu löndin og Kanada standa frammi fyrir sambærilegum ógnum og deila jafnframt gildum sem tengjast lýðræði, inngildingunni frumbyggja, sjálfbærri þróun og reglufastri alþjóðaskipan. Löndin glíma öll við fjölbáttu ógnir, áhrif loftslagsbreytinga á norðurskautssvæðinu og þörfina á traustari almannavörnum og allsherjarvörnum.

Upp á síðkastið hafa viðnámspróttur, öryggismál, viðbúnaður samfélagsins og óbrotgjörn samfélagsbygging færst ofar á dagskrá í norrænu samstarfi. Kanada tekst á við sambærileg kjarnaverkefni og Norðurlönd og sækist eftir bandalagi við líkt þenkjandi samstarfslönd í baráttunni við sífellt brýnni álitafni á norðurslóðum.

Eru því góðar forsendur fyrir því að kerfisbinda samstarf Norðurlanda og Kanada frekar, bæði milli þinga og ríkisstjórna, til að efla öryggi, lýðræði og velferð á norðurslóðum. Norðurlandaráð hefur sem venju að bjóða til sín gestum frá öðrum þingum og þingmannasamtökum. Framvegis á það einnig að eiga við þjóðþing og viðkomandi fylkisþing Kanada.

Tillagan er í samræmi við alþjóðastefnu Norðurlandaráðs sem var samþykkt árið 2025.

Hróarskeldu, 23. febrúar 2026

Jouni Ovaska (cent)

Helena Gellerman (L)

Lars-Christian Brask, (LA)

Halla Hrund Logadóttir (F)

Johan Dahl (Sb)

Justus Hansen (D)

Sandra Listherby (Lib)

Catarina Deremar (C)

Jonas Andersen Sayed (KrF)

Sandra Sigurðardóttir (V)

Krista Mikkonen (grænum)

Rebecka le Moine (MP)

Oda Indgaard (MDG)

Louise Elholm (V)

Eva Biaudet (sfp)

Henrik Rejnholt Andersen (M)

Liz Mattsson (ÅC)

Kjell-Arne Ottosson (KD)

Anna Falkenberg (Sb)

Markku Siponen (cent)

Geir Inge Lien (Sp)